

Markmið og viðmið um árangur

Með leiðsagnarnámi dvínar verulega áherslan á verkefnaþátt náms, það er að segja markmiðið er ekki það hvaða verkefni nemendur eiga að vinna eða gera, heldur hvað nemendur eiga að læra af verkefninu. Fjöldi rannsókna sýnir að það eykur mjög ábyrgð nemenda á náminu og stuðlar að framförum þegar þeir hafa vitneskju um hvað þeir eigi að læra, eða hvaða hæfni þeir eiga að tileikna sér.

Námsmarkmið og viðmið

Námsmarkmið

Hvað erum við að fara að læra?

Verkefni

Hvernig lærum við það?

Viðmið

Hvenær höfum við náð markmiðinu?



Ef nemendur eiga að taka meiri ábyrgð á námi sínu verða þeir að vita hvað þeir eru að fara að læra, hvernig best er fyrir þá að læra það, hvernig þeir geta séð (greint) hvort þeim hefur tekist að ná markmiðinu og hvers vegna það skipti máli að læra þetta.

Kennarar verða að vita hvert námsmarkmið kennslustundarinnar (lotunnar) er, það er að segja hvað nemendur eiga að læra og einnig hvernig nemendurnir geta sýnt fram á að þeir hafi lært það sem þeir eiga að læra. Markmiðið er skilgreint í aðalnámskrá/skólanámskrá.

Til þess að styðja nemendur í átt á markmiðinu er það brotið niður í smærri markmið, sem verða viðmið um árangur, hér eftir kölluð viðmið. Viðmiðin eru einskonar áminning um hvað nemandinn þarf að gera til að verkefnið teljist vera gott. Þegar nemendur hafa skilgreind viðmið eru þeir komnir með tæki sem hjálpar þeim til að ræða um námið við námsfélaga sinn eða kennarann og meta framfarirnar sínar og félaga sinna.

Oft ákveða kennarar sjálfir hver viðmiðin eiga að vera, einnig er mikilvægt að nemendur taki þátt í að ákveða viðmiðin. Í aðalnámskrá segir að nemendur í 4. bekk eigi að hafa fengið tækifæri til þess að setja viðmið um árangur, þ.e.a.s. ákveða hvernig verkefni ætti að vera svo það teljist vera gott.

Mikilvægt er að þjálfa nemendur skipulega í að vinna út frá viðmiðum og hjálpa þeim til að skilja tilgang þeirra. Youtube myndbandið [Austin's Butterfly](#) sýnir hvernig nemendum er kennt að skilja mikilvægi endurgjafar. Það sýnir glögglega hvaða áhrif væntingar, fyrirmyndir og endurgjöf hafa á framfarir nemenda.

Ávinningurinn af viðmiðum

- Nemendur verða sjálfstæðari

- Nemendum finnst þeir hafa meira eignarhald á námi sínu og mati á framförum
- Nemendur geta gert sér grein hvaða aðstoð þeir þurfa
- Framfarirnar verða meiri þegar nemendur hafa séð góð dæmi um vel unnin verkefni sem þeir geta haft til hliðsjónar eða nýtt sér viðmið sem hafa verið gerð
- Eldri nemendur eiga auðveldara með að styðja yngri nemendur þegar viðmiðin eru fyrir hendi
- Nemendur eiga auðveldara með að styðja hvern annan þegar viðmiðin eru fyrir hendi.

Dæmi um aðferðir sem kennarar geta nýtt við að setja viðmið

- Kennarinn sýnir nemendum dæmi um vel unnin verkefni og hvernig hægt er að leysa þau í mismunandi vega.
- Kennarinn er fyrirmynd, hann gæti t.d. leitað að orði í orðabók á netinu og talað sig í gegnum ferlið þannig að nemendur heyri, eða reiknað dæmi á töflu og talað upphátt um það sem hann er að gera. Hann getur svo spurt nemendur hvað hann hafi verið að gera.
- Það má sýna nemendum margvísleg dæmi t.d. úr ritun, tónlist, myndlist og myndbandsupptökur og bera saman það sem er gott og hvað er síðra og hvers vegna. Auk þess sem nemendum finnst þetta oft skemmtilegt þá læra þeir af því.
- Að gera mistök. Kennarinn getur sýnt dæmi um verkefni sem er vitlaust unnið. Þetta er sérstaklega heppilegt að nota í stærðfræði. Nemendur eru hvattir til að leita að villunni, segja frá og benda á hvernig ætti að reikna dæmið rétt.
- Það getur hjálpað nemendum þegar kennarinn ásamt nemendum vinnur sig í gegnum verkefni t.d. súlurit og ræðir hvað hjálpaði nemendum að skilja það.

Nokkur dæmi um markmið, verkefni og viðmið

1. Að gera auglýsingu

Markmiðið er að nemendur læri að gera veggspjald með auglýsingu. Verkefnið er auglýsing um jólaleikrit sem nemendur ætla að sýna. Kennarinn ræðir við nemendur um markmið auglýsinga og hversu vel nemendur þekkja til þeirra. Námsfélagar skoða nokkrar mis góðar auglýsingar, sem kennarinn hefur valið, með það í huga að finna hvað þarf að vera til staðar í góðri auglýsingu og hvað þarf að forðast.

Nemendur og kennari koma sér saman um að eftirfarandi atriði þurfi að vera til staðar svo auglýsingin um leikritið teljist vera góð:

- ✓ Heiti leikritsins þarf að vera áberandi
- ✓ Fram þarf að koma hvar það er sýnt
- ✓ Dagsetning og tími þurfa að koma fram
- ✓ Fyrir hvern er sýningin?
- ✓ Fram þarf að koma hverjir taka þátt í sýningunni
- ✓ Uppsetning og myndskreyting á að vera í samræmi við efni sýningarinnar þ.e. jólin.

2. Að leysa stærðfræðiþraut

Markmiðið er að nemendur læri að leysa stærðfræðiþraut þar sem reynir á margföldun og deilingu. Verkefnið er þraut þar nemendur eiga að reikna út hversu margar pizzur og hve mikinn safa þurfi að

kaupa fyrir veislu. Kennarinn hefur áður reiknað stærðfræðipraut á töfluna, um leið og hann talar sig í gegnum hvert atriði. Nemendur fylgjast með og af og til spyr kennarinn nemendur ráða.

Nemendur og kennari koma sér saman um eftirfarandi atriði sem þeir þurfi að muna eftir að gera þegar þrautin er leyst.

- ✓ Áætla hvert svarið verður
- ✓ Strika undir mikilvægu orðin
- ✓ Velja aðferð
- ✓ Velja hjálpargögn
- ✓ Breyta um aðferð ef þessi virkar ekki
- ✓ Kanna svarið með mismunandi leiðum
- ✓ Bera svarið saman við upphaflegu áætlunina.

3. Að skrifa ævisögu

Markmiðið er að læra að skrifa ævisögu. Verkefnið er að skrifa ævisögu þekkt einstaklings sem nemandinn hefur sjálfur valið.

Nemendur hafa skoðað nokkur misgóð dæmi um ævisögur eða verkefni sem aðrir nemendur hafa unnið (ath. verkefnin eru ómerkt). Námsfélagar hafa borið dæmin saman og sammælst um hvað sé mikilvægt að hafa í ævisögu svo hún sé góð. Loks hefur allur bekkurinn ásamt kennara komið sér saman um eftirfarandi viðmið:

Uppbygging

- ✓ Kynnið persónuna og segið frá því af hverju hún er þekkt
- ✓ Segið frá mikilvægum staðreyndum í lífi persónunnar í tímaröð
- ✓ Hafið samantekt í lokin sem tengist innganginum, þar mætti skoðun höfundar koma fram.

Almenn skilyrði

- ✓ Notið 3. persónu, þátíð
- ✓ Notið tilvitnanir
- ✓ Notið samtengingar
- ✓ Notið fjölbreyttar setningar

Hugleiðið áhrifin á lesandann

- ✓ Vekið áhuga lesandans frekar en að telja upp staðreyndir
- ✓ Látið ykkar skoðun koma fram án þess að verða of persónuleg

Undirbúið sjálf eina kennslustund þar sem markmið, verkefni og viðmið eru vel skilgreind.

(Efnið er að mestu fengið úr bókinni Outstanding Formative Assessment eftir Shirley Clarke)

